

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., er öðlist þegar gildi.

Gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254, 24. mars 2003, með síðari breytingum:

4. gr. breytist og orðist svo:

Hver lítri á mínútu kostar kr. 36.369 á ári, án fastagjalds og virðisaukaskatts. Notendur sem kaupa 4 l/mín., eða minna, greiða einnig fastagjald kr. 16.330 á ári, auk virðisaukaskatts.

5. gr. breytist og orðist svo:

Fyrirtæki sem samið hafa um kaup á heitu vatni samkvæmt rennslismæli greiða kr. 118,06 fyrir rúmmetra vatns auk virðisaukaskatts, en greiða þó að lágmarki samkvæmt samningi um fastan lítrafjölda.

*Iðnaðarráðuneytinu, 4. júní 2009.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Guðjón Axel Guðjónsson.*